

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, mánudaginn 14. apríl 2014 á Kjóavöllum.

## 5. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Sigurður Halldórsson og Lárus Finnbogason. Kristín Njálsdóttir boðaði fjarveru. Formaður stjórnarinnar ritaði fundargerð.

1. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
2. Starfsmannamál. Gengið var frá starfslokum við Sigurlaugu Önnu framkvæmdastjóra félagsins í dag. Farið verður fljótt í að ráða í stöðuna en ákveðið að ekki yrði auglýst aftur.
3. Fjármálin: Lárus gerði grein fyrir stöðu mála og fór yfir yfirlit frá fráfarandi gjaldkera GH. Verið er að ganga frá áætlun ársins og ýmsum endum.
4. Hreinsunardagurinn. Rætt um skipulagið og undirbúning. Brynja er tengiliður stjórnar við Umhverfisnefndina.
5. Dymbilvikusýningin er n.k. miðvikudagskvöld. Mikið lagt í sýninguna til að gera hana sem flottasta. Dymbilvikunefndin hefur staðið sig vel auk þess sem Kvennadeild félagsins mun sjá um veitingarnar. Miklar vonir bundnar við sýninguna.
6. Leikjadagur Æskulýðsnefndar sem haldinn verður á föstudaginn langa ræddur en félagið mun gefa öllum börnum páskaegg og svo verða grillaðar pylsur.
7. Reiðhöllin – farið yfir stöðu verkefna.
8. Bikarkeppni LH. Þetta er keppni á vegum LH þar sem Sprettur getur komið með 4 fulltrúa í hverri grein. Keppt verður í 3 flokkum og 4 greinum. Málinu vísar til Mótanefndar sem auglýsir eftir keppendum.
9. Félagsfundur – stefnt á að halda á næstu vikum. Verður nánar auglýst síðar
10. Farandbikarar. Ákveðið að steypa hestastyttuna eftir móti sem er í eigu félagsins. Kostnaður pr. Styttu er um 40-50 þús. Stjórnarmenn fá styrktaraðila.
11. Nefndir:
  - a. Æskulýðsnefnd. Líklegt að línur séu að skýrast varðandi mönnun á Æskulýðsnefnd. Rætt hefur verið við Guðrúnu Jónsdóttur og Sigrúnu Valþórsdóttur.
  - b. Fjáröflunarnefnd. Settur hefur verið saman öflugur hópur fólks sem mun taka þátt í vinnu fjáröflunarnefndar. Sigurður Helgi Ólafsson fer fyrir hópnun.
  - c. Skemmtinefnd, geymt til næsta fundar.
  - d. Vinir reiðhallarinnar, geymt til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Linda Björk Gunnlaugsdóttir